

Glerártorg verslunarmiðstöð - Akureyri



VERKSVIÐ VERKÍS

- Hönnun jarðvinnu og grundunar.
- Hönnun burðarvirkja
- Hönnun fráveitu- hreinlætis- og hitalagna
- Hönnun loftræsilagna
- Hönnun vatnsúðalagna
- Brunahönnun

LÝSING

Byggingin stendur á Gleráreyrum á Akureyri þar sem áður stóðu verksmiðjur skinnaiðnaðar Sambandsins. Fyrri áfanginn tæpir 11.000m² voru byggður árið 2000. Að hluta voru áfram nýttir burðarveggir súlur og loft úr mannvirki sem var til staðar og hafði verið hluti af verksmiðjum Skinnaiðnaðar Sambandsins. Seinni áfanginn var svo byggður árin 2007-2008.

Grundun stækkunarinnar var flókin þar sem fjarlægja þurfti lífrænt lag á 8-12m dýpi sem valdið hafði sigi á hluta þeirra mannvirkja sem voru fjarlægð til að rýma fyrir nýbyggingunni. Stór hluti stækkunarinnar er byggður úr forsteyptum einingum. Þakið stækkunarinnar er að mestu leiti Lett-tak einingar sem hvíla á límtrésbitum.

Eftir stækkun eru um 50 verslunarrými í byggingunni auk 1.450 m² rýma fyrir skrifstofur í þakhæð nýrri hlutans.

Verkkaupi og eigandi Glerártorgs er SMI

ALMENNT UM VERKIÐ

Glerártorg er um 21.000m² verslunarmiðstöðin byggð í tveimur áföngum. Árin 2000 og svo 2007-2008. Nú eru um 50 verslunarrými í húsinu. Þar af 2 yfir 2000m² og önnur 4 sem eru milli 500 og 1500m²

TÆKNIUPPLÝSINGAR

Byggð árið 2000, stækkuð árið 2008 úr 10.847m² í 20.663m²

Vatnsúðalagnir:
Kerfið getur annað 15.100 l/min

Aðrir hönnuðir:

ARKÍS
Landark
Raftákn

